

**Efnahags- og
viðskiptaráðuneyti**

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Viðskiptanefnd Alþingis**
Sendandi: **Efnahags- og viðskiptaráðuneytið**
Dagsetning: **19.04.2010**
Málsnúmer: **EVR09100102**
Bréfalykill: **3.1**

Efni: Frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið hefur nýtt tímann frá því að frumvarpið var síðast til umfjöllunar í nefndinni og farið yfir frumvarpið og fyrirleggjandi drög að breytingartillögum. Af því tilefni leggur ráðuneytið til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu:

- 2. másl. 3. mgr. 12. gr. og 2. másl. 3. mgr. 20. gr. frumvarpsins verði felldir niður. Þar með verður sjóðnum ekki heimilt að nýta sér kröfur innlánsstofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu á hendur viðskiptamanni til skuldajafnaðar. Slíkt fyrirkomulag yrði þungt í vöfum og myndi tefja fyrir útgreiðslu úr sjóðnum. Auk þess er vandséð að hve miklu raunhæft væri að nýta umræddar kröfur til skuldajöfnuðar þar sem hin almennu skilyrði skuldajöfnuðar um samkynja kröfur sem báðar eru gjaldfallnar og eru á milli sömu aðila geta vart talist uppfylltar.
- Í 30. gr. verði gildistöku laganna breytt þannig að hún verði 1. júlí 2010.
- Ákvæði til bráðabirgða nr. I verði breytt þannig að fyrsti gjalddagi iðgjalda innlánsstofnana til A-deildar samkvæmt lögunum verði 31. október 2010. Fyrsti gjalddagi iðgjalda fyrirtækja í verðbréfaþjónustu verði 31. október 2010.
- Ákvæði til bráðabirgða nr. II verði breytt þannig að miðað verði við að Tryggingarsjóður sparisjóðanna verði lagður niður 31. desember 2010 og miðað verði við hlutdeild í heildarinnstæðum sparisjóðanna eins og hún verður 31. desember 2010.